



Keflavíkurlugvöllur  
— farþegaspá 2018



# Farþegaspá Keflavíkurflugvallar 2018

- Mikil fjölgun skiptifarþega
- Fjölgun komu- og brottfararfarþega virðist sækja í jafnvægi
- Árstíðarsveifla heldur áfram að minnka


Ísavia hefur í lok árs undanfarin ár unnið ítarlega spá um fjölda farþega sem fara um Keflavíkurflugvöll. Spáin er unnin út frá upplýsingum um afgreiðslutíma sem flugfélög hafa tryggt sér auk þess sem mjög gott samstarf er við helstu félögin um upplýsingar um sætaframboð. Spáin fyrir árið 2018 sýnir áframhaldandi mikla fjölgun farþega sem fara um Keflavíkurflugvöll. Útlit er fyrir að fjölgunin verði mest meðal skiptifarþega, sem millilenda á flugvöllinum á leið sinni milli Evrópu og Norður-Ameríku. Fjölgunin er minni meðal komu- og brottfararfarþega, þótt sú prósentutala sé töluvert hærri en meðaltalið í löndunum í kringum okkur. Dreifing farþega yfir árið heldur áfram að verða betri og fjölgunin yfir vetrartímann er mjög jákvæð. Auk þess heldur þeim flugfélögum sem fljúga til Keflavíkurflugvallar allt árið um kring áfram að fjölga. Stærstu fréttirnar í spánni fyrir árið 2018 eru samt þær að fjölgun skiptifarþega tekur stökk og fjölgun ferðamanna til Íslands virðist vera að sækja í jafnvægi.

Við vinnslu farþegaspár fyrir Keflavíkurflugvöll er stuðst við eftirfarandi aðferðafræði:

**Samstarf** — haft var samband við notendur Keflavíkurflugvallar til að fá upplýsingar um vænt sætaframboð.

**Upplýsingaöflun** — þekking og reynsla Ísavia nýtt til umbóta á fyrstu drögum.

**Staðreyndir** — stuðst við bókunarupplýsingar og upplýsingar úr flugupplýsingakerfum flugvallarins til að fínstilla spána.



Skiptifarþegum um Keflavíkurflugvöll fjölga hlutfallslega mest.

### Farþegafjöldi 2017

Þegar horft er til baka á spána sem gerð var fyrir árið 2017 og hún borin saman við rauntölur má sjá að munurinn er mjög líttill og ljóst að spáin er mjög nærri sanni. Það hefur yfirleitt verið raunin með eins árs farþegaspár Ísavia, enda eru þær byggðar á góðum gögnum og unnar í miklu samstarfi við flugfélögin. Það sem helst hefur skekkst spánnar eru óvæntar breytingar hjá flugfélögum, til dæmis ef þau bæta skyndilega fleiri eða stærri flugvélum í flota sína. Að öllum líkindum mun árið 2017 enda í 8,8 milljónum farþega, sem er aukning um 29% frá árinu 2016. Farþegaspá Ísavia hljóðaði uppá 8,75 milljónir og er því munurinn á milli spár og rauntalna aðeins um 0,26%.






↓ C 24-29

#W  
YOU SH  
N A










Með markvissu átaki og hvatakerfi hefur tekist að fjölga verulega farþegum utan sumartíma.

### Íslenskir farþegar

Samkvæmt talingum Isavia og Ferðamálastofu á brottfararfarþegum frá Keflavíkurlflugvelli hefur ferðum Íslendinga fjölgað um 16% á fyrstu tíu mánuðum ársins 2017 ef borið er saman við árið 2016. Allt árið 2017 spáum við tæplega 15% aukningu á fjölda Íslendinga og þeir verði um 615 þúsund. Gert er ráð fyrir áframhaldandi aukningu á næsta ári en dragi þá aðeins úr aukningunni og hún verði rúm 8% og ferðir um 666 þúsund.

### Erlendir farþegar

Fyrstu 10 mánuði ársins 2017 hafa um 1.915 þúsund erlendir farþegar komið til landsins um Keflavíkurlflugvöll sem er aukning um tæp 27%. Ef spár ganga eftir út árið gerum við ráð fyrir að heildarfjöldinn verði um 2.254 þúsund. Það er mjög nálægt spá Isavia fyrir 2017 þar sem gert var ráð fyrir um 2.240 þúsund erlendum ferðamönnum. Árið 2018 er gert ráð fyrir áframhaldandi aukningu um tæp 11%. Gert er ráð fyrir að aukningin haldi áfram að vera mest yfir vetrartímann og um vorið og haustið en lítil aukning yfir hásumarið júní, júlí og ágúst eða um 4%.



Niðurstöður könnunar Isavia á fjölda sjálfteigifarþega.

### Sjálfteigifarþegar og erlendir starfsmenn

Með auknum fjölda áfangastaða og flugfélaga frá Keflavíkurflugvelli eykst möguleiki fyrir farþega að tengja á milli Evrópu og Norður-Ameríku í ótengdum flugum. Þ.e. að farþegar bóka flug með tveimur flugfélögum sem er ekki á sama flugmiðanum og sækja sinn innritaða farangur í Keflavík og endurinnrita sig svo með öðru flugfélagi áfram frá Keflavíkurflugvelli. Þessi aðilar eru því ekki skráðir í kerfi Isavia sem skiptifarþegar heldur komu- og brottfarar farþegar en þeir hafa verið kallaðir sjálfteigifarþegar. Þar sem talning Isavia og Ferðamálastofu er framkvæmd við vopnaleyfina þá sýnir fjöldi sjálfteigifarþega þjóðernistalninguna og veldur því að þeir verða oftaldir. Einnig geta erlendir starfsmenn sem vinna á Íslandi valdið skekkju við áætlun á fjölda erlendra ferðamanna. Til að reyna að átta sig á þessum fjölda hefur Isavia látið framkvæma tvær kannanir í ágúst og nóvember. Sjá mynd að ofan sem sýnir niðurstöðuna.

Samkvæmt þessu þá eru um 4,8% sjálfteigifarþegar í ágúst og um 1,7% í nóvember sem þarf að taka tillit til og draga þá frá fjölda ferðamanna inn í landið. Isavia stefnir á að gera sams konar kannanir í febrúar og maí 2018 til að geta áttað sig betur hve margir sjálfteigifarþegar gæti mögulega verið á ári hverju. Ef niðurstöður þessara tveggja kannana eru teknar og metið fyrir allt árið þannig að vetrarmánuðina sé þetta hlutfall 1,7%, hásumarið (júní, júlí og ágúst) 4,8% og 3% í maí og september þá gæti þessi fjöldi verið um 70 þúsund farþegar yfir árið.

Varðandi erlenda starfsmenn á Íslandi sýnir könnunin að í ágúst voru um 2,65% þeirra erlendu farþega sem ferðast um flugvöllinn með búsetu/vinnu á Íslandi en í nóvember var þetta hlutfall um 4,68%. Það er því ljóst að taka þarf tillit til þessa fjölda við mat á fjölda erlendra ferðamanna. Það þyrfti að kanna þetta oftar til að geta metið þennan fjölda yfir árið.

# Farþegaspá Keflavíkurflugvallar 2018



## Áform flugrekenda

Á næsta ári munu fjögur ný flugfélög hefja áætlunarflug frá Keflavíkurflugvelli. Tvö af stærstu flugfélögum Bandaríkjanna, American Airlines daglega frá Dallas og United Airlines daglega frá Newark í New York. Að auki mun flugfélagið S7 hefja flug til Moskvu og Luxair mun fljúga einu sinni í viku til Lúxemborgar.

Að auki munu íslensku flugfélögin Icelandair og WOW bæta við nokkrum áfangastöðum á næsta ári. Má þar helst nefna nýjar borgir vestanhafs eins og Cleveland, Dallas og Cincinnatti. Alls verða 29 flugfélög með áætlunarferðir frá Keflavíkurflugvelli næsta sumar og áfangastaðir í beinu flugi verða 101.





### **Fyrirvarar**

Farþegaspá fyrir Keflavíkurflugvöll árið 2018 byggir á greiningum og mati á þáttum sem hafa áhrif á eftirspurn farþega eftir flugi til og frá Keflavíkurflugvelli sem og áætluðu framboði flugfélaganna fyrir komandi ár.

Forsendur sem lagðar eru til grundvallar spánni geta breyst með tiltölulega skömmum fyrirvara og því ber að taka henni með þeim fyrirvara að núverandi spár flugfélaga standist.

Óheimilt er að birta innihald farþegaspárinnar að hluta eða í heild sinni án samþykkis Isavia.

## Viðauki 1

	Raun												Farþegaspá 2017			Aukning
	Jan	Feb	Mar	Apr	Mai	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des	Samtals			
<b>Brottför</b>	172.656	183.430	207.492	207.216	198.405	285.266	337.885	336.777	267.761	243.505	221.465	210.833	2.872.691	24,7%		
<b>Koma</b>	162.796	188.201	208.446	213.793	216.022	309.041	368.425	341.916	253.916	241.776	218.258	221.365	2.943.954	27,0%		
<b>Skipti</b>	158.379	115.281	167.221	197.527	245.097	335.770	393.653	402.716	347.386	244.282	177.904	196.077	2.981.293	35,5%		
<b>Samtals</b>	<b>493.831</b>	<b>486.912</b>	<b>583.159</b>	<b>618.536</b>	<b>659.524</b>	<b>930.077</b>	<b>1.099.963</b>	<b>1.081.409</b>	<b>869.063</b>	<b>729.563</b>	<b>617.627</b>	<b>628.275</b>	<b>8.797.939</b>	<b>29,0%</b>		
<b>Aukning</b>	70,0%	50,1%	44,8%	61,7%	22,8	21,8%	22,2%	20,9%	23,9%	18,7%	24,4%	22,1%	29,0%			

Rauntölur fyrir Keflavíkurlflugvöll janúar–október 2017 og spá fyrir nóvember–desember 2017.

	Farþegaspá 2018												Aukning	
	Jan	Feb	Mar	Apr	Mai	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des		Samtals
<b>Brottför</b>	204.418	215.005	237.142	227.494	248.826	302.417	352.465	354.791	289.274	256.843	237.427	241.074	3.167.177	10,3%
<b>Koma</b>	193.766	220.796	240.154	222.393	268.169	326.908	379.335	359.048	278.261	254.769	235.068	263.467	3.242.135	10,1%
<b>Skipti</b>	206.479	142.954	200.478	222.751	381.973	497.660	524.182	517.055	463.444	334.270	237.583	243.140	3.971.969	33,2%
<b>Samtals</b>	<b>604.663</b>	<b>578.755</b>	<b>677.773</b>	<b>672.639</b>	<b>898.968</b>	<b>1.126.985</b>	<b>1.255.982</b>	<b>1.230.894</b>	<b>1.030.980</b>	<b>845.882</b>	<b>710.079</b>	<b>747.681</b>	<b>10.381.281</b>	<b>18,0%</b>
<b>Aukning</b>	22,4%	18,9%	16,2%	8,7%	36,3%	21,2%	14,2%	13,8%	18,6%	15,9%	15,0%	19,0%	18,0%	

Farþegaspá 2018 niður á mánuði

## Íslenskir farþegar

	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des	Samtals	Aukning
<b>2017</b>	37.291	35.161	40.877	62.173	51.719	62.234	62.483	53.732	57.157	59.300	49.425	43.929	<b>615.481</b>	14,8%
<b>2018</b>	41.020	38.325	52.323	57.199	58.960	71.569	69.981	60.180	54.299	59.893	55.356	47.444	<b>666.549</b>	8,3%
<b>Aukning</b>	10,0%	9,0%	28,0%	-8,0%	14,0%	15,0%	12,0%	12,0%	-5,0%	1,0%	12,0%	8,0%	<b>8,3%</b>	

## Erlendir farþegar

	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des	Samtals	Aukning
<b>2017</b>	135.999	148.343	167.806	153.568	145.980	221.845	271.920	284.124	203.886	181.919	172.040	166.904	<b>2.254.334</b>	27,5%
<b>2018</b>	163.398	176.680	184.819	170.295	189.867	230.848	282.484	294.612	234.975	196.950	182.071	193.630	<b>2.500.628</b>	10,9%
<b>Aukning</b>	20,1%	19,1%	10,1%	10,9%	30,1%	4,1%	3,9%	3,7%	15,2%	8,3%	5,8%	16,0%	<b>10,9%</b>	

Spá 2018 niður á Íslenska og erlenda  
brottfarfarþega niður á mánuði



